



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 19. nóv. 2020

USK2020110010

5.15

UMSÖGN

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals vegna fyrirkomulags tiltekinna gatnamóta í Úlfarsárdal (R19110249).

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals þann 21. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Stendur til að skýra með merkingum eða breyta skipulagi gatnamóta með hringlaga umferðareyjum annars vegar við Hlínartorg og hins vegar á Úlfarsbraut norðan Dalskóla? Óljóst er hvort um er að ræða hringtorg eða almennan hægrirétt og skapast oft hætta þegar bílar mætast.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Hvorki er fyrirhugað að breyta skipulagi svæðanna sem spurt er um né að bæta þar við merkingum um forgang umferðar. Unnið er að því að bæta götulýsingu og merkja gangbrautir á Úlfarsbraut þar á meðal þar sem Úlfarsbraut mætir Urðarbrunni.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
deildarstjóri samgangna